

Fréttapistill frá forseta Íslands

21. júní 2020

Í nýliðinni viku bar þjóðhátíðardaginn vitaskuld hæst í mínum embættisstörfum. Við Eliza fylgjum glöð þeirri nýlegu hefð að halda frá Bessastöðum að Dómkirkjunni í Reykjavík í Packard-bifreiðinni sem embætti forseta Íslands eignaðist í tíð Sveins Björnssonar. Franklin Roosevelt Bandaríkjaforseti gaf embættinu bifreið þessarar gerðar eftir opinbera heimsókn Sveins til Bandaríkjanna síðsumars 1944 en hún sökk með Goðafossi þegar þýskur kaubátur grandaði skipinu í nóvember það ár. Í staðinn var annar Packard-eðalvagn keyptur. Hann hvarf svo úr eign embættisins en komst svo í eign Þjóðminjasafns Íslands, var endurgerður og er nú geymdur á Bessastöðum.

Á mynd að neðan erum við hjón fyrir utan Dómkirkjuna og í baksýn þau Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, og sr. Sveinn Valgeirsson dómkirkjuprestur. Sr. Elínborg Sturludóttir prédikaði og fórst það vel úr hendi.

Síðar um daginn var hátíðarstund á Bessastöðum. Fjórtán Íslendingar voru þá sæmdir riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag sitt til íslensks samfélags. Ég ítreka hamingjuóskir til nýrra orðuhafa; nánari upplýsingar má sjá hér: <https://www.forseti.is/.../2020-06-17-hin-%C3%ADslenska.../>.

Athöfnin á Bessastöðum var með öðru sniði en venjulega. Unnið er að viðgerð á móttökusal staðarins. Hann var reistur á met tíma fyrri hluta árs 1944 og nauðsynlegt var orðið að sinna þar endurbótum. Um allt land sást líka glögg að enn setur veiran skæða mark sitt á samfélagið. Engar voru skruðgöngurnar og ekki hægt að standa að skipulegum hátíðahöldum með þeim hætti sem við þekkjum frá fyrri árum. En samt gátum við fagnað saman þessum góða degi okkar Íslendinga.

Gleðitíðindi bárust jafnframt að utan; Sara Björk Gunnarsdóttir landsliðsfyrirliði varð Þýskalandsmeistari í fjórða sinn í röð með liði sínu Wolfsburg.

Á mánudaginn var, 15. júní, sóttum við Eliza Grímuna, hátíð sviðslistafólks á Íslandi. Samkomubann síðustu vikna og mánaða olli búsigfum í þeim geira. Af þeim sökum var sérstakt fagnaðarefni að geta samglaðst með listafólkinu þetta kvöld. Mér hlotnaðist jafnframt sá heiður að flytja stutt ávarp og afhenda heiðursverðlaun Grímunnar. Þau hlaut að þessu sinni Ingibjörg Björnsdóttir, einn stofnenda Íslenska dansflokksins.

Á fimmtudaginn var tókum við Eliza þátt í vígslu nýrrar álmu við leikskólann Lyngholt á Reyðarfirði. Alltaf er ánægjulegt þegar stækka þarf leikskóla í byggðarlögum, þá er líf á staðnum. Í austurför okkar dvöldum við jafnframt á Egilsstöðum, kynntum okkur nýsköpunarmiðstöðina Múlann sem verið er að byggja í Neskaupstað og fórum á söfnin þrjú í Safnahúsinu í bænum, hvert öðru fróðlegra.

Á kvenréttindadaginn 19. júní tók ég á móti stjórn Samtaka kvenna um nýja stjórnarskrá og átti með þeim fund um sögu stjórnarskrárinnar, áform um endurskoðun hennar, álitamál í þeim efnunum og framtíðarhorfur.

